



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

31  
03 20  
22 | **Hetjulíf**



# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

**Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.**

**Tímalengd verka:**

Lyric: 6'

Hornkonsert: 20'

Hetjulíf: 47'

---

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA  
Eignastýring

**31|03**

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

RAUÐA RÖÐIN

# Hetjulíf

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

**Juanjo Mena**  
hljómsveitarstjóri

**Stefan Dohr**  
einleikari

## Efnisskrá

George Walker  
**Lyric fyrir strengjasveit (1946)**

Richard Strauss  
**Hornkonsert nr. 2 í Es-dúr (1942)**  
Allegro –  
Andante con moto  
Rondo: Allegro molto

## Hlé

Richard Strauss  
**Hetjulíf (Ein Heldenleben), op. 40 (1898)**  
Hetjan –  
Andstæðingar hetjunnar –  
Lífsförunautur hetjunnar –  
Vígvollur hetjunnar –  
Friðarverk hetjunnar –  
Hetjan snýr baki við heiminum og öðlast fullkomnum

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:  
**[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)**



# Juanjo Mena

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Spænski hljómsveitarstjórinn Juanjo Mena hóf feril sinn sem listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bilbao árið 1999. Hann vakti fljótt athygli langt út fyrir heimaland sitt og var skipaður aðalgestastjórinn Filharmóníusveitarinnar í Bergen og við óperuhúsið í Genova á Ítalíu. Árið 2011 tók hann við stöðu aðalstjórnaða hjá Filharmóníusveit BBC og gegndi því starfi í sjö ár. Auk þess hefur Mena stjórnað helstu hljómsveitum álfunnar, til dæmis Filharmóníusveit Berlínar, Útvarpshljómsveit Bæjaralands, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, Filharmóníusveitunum í Lundúnum og Ósló, og þannig mætti lengi telja. Þá hefur hann stjórnað flestum helstu hljómsveitum Bandaríkjanna, meðal annars í Boston, Chicago, Cleveland, New York og Los Angeles.

Á yfirstandandi tónleikaári hefur Mena meðal annars stjórnað tónleikum í Pittsburgh og Washington D.C., Ósló og Bergen, og kom auk þess í fyrsta sinn fram með Filharmóníusveitinni í Japan. Í júní næstkomandi stjórnar hann nýrri uppfærslu á óratóriunni *Jóhönnu af Örk* eftir Arthur Honegger við Teatro Real í Madrid. Hann hefur stjórnað fjölda óperusýninga og má þar meðal annars nefna *Hollendinginn fljúgandi* eftir Wagner, *Salóme* og *Elektru* eftir Richard Strauss, *Brúðkaup Fígarós* eftir Mozart og *Fidelíó* eftir Beethoven.

Mena hefur hljóðritað fjölda hljómdiska fyrir Filharmóníusveit BBC og hafa þeir vakið mikla athygli og hlotið lofsamlegar umsagnir gagnrýnenda. Nýjasta plata hans er 6. sínfónía Bruckners, en auk þess hefur hann hljóðritað m.a. sínfóníur eftir Carl Maria von Weber, *Turangelíla-sínfóníuna* eftir Olivier Messiaen og hljómsveitarverk eftir Alberto Ginastera.



# Stefan Dohr

## EINLEIKARI

Þýski hornleikarinn Stefan Dohr hefur verið kallaður „konungur hornsins“ enda var hann aðeins 25 ára þegar hann var valinn í stöðu fyrsta hornleikara í Fílharmóníusveit Berlínar. Þar hefur hann starfað frá árinu 1993 og er ekki ofsögum sagt að hann sé goðsögn meðal málmblastursleikara. Auk þess að starfa með einni fremstu hljómsveit heims er Dohr einnig eftirsóttur einleikari.

Stefan Dohr hefur komið fram sem einleikari með mörgum helstu hljómsveitarstjórum heims, m.a. Simon Rattle, Claudio Abbado, Daniel Barenboim og Bernard Haitink, og hefur leikið með Fílharmóníusveit Berlínar, Mahler-kammersveitinni, Fílharmóníusveit Los Angeles og Sænsku útvarpshljómsveitinni, svo aðeins nokkrar séu nefndar. Dohr hefur pantað og frumflutt fjölda nýrra tónverka fyrir hljóðfæri sitt, eftir meðal annars Toshio Hosokawa, Wolfgang Rihm og Hans Abrahamsen.

Dohr stundaði nám í Essen og Köln og hóf atvinnuferil sinn nítján ára gamall sem fyrsti hornleikari við Óperuhúsið í Frankfurt. Hann hefur einnig gegnt leiðandi stöðum við Fílharmóníusveitina í Nice, Þýsku sinfóníuhljómsveitina og hljómsveitirnar sem starfa við tónlistarhátíðirnar í Bayreuth og Luzern. Hann er gestaprófessor við Royal College of Music og Sibeliusar-akademíuna í Helsinki, auk þess sem hann er fastráðinn kennari við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín.



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður leikið *Lyric* fyrir strengi, á tónleikum í Eldborg í janúar 2021 undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar.

# George Walker

## LYRIC FYRIR STRENGJASVEIT

Bandaríska tónskáldið George Walker (1922–2018) fæddist í Washington D.C. og átti sér þann draum á unglingsárum að gerast konsertpíanisti. Hann hóf nám við Oberlin-tónlistarháskólann aðeins 14 ára gamall og stundaði framhaldsnám hjá Rudolf Serkin við Curtis-tónlistarháskólann í Filadelfíu. Þar varð honum fljótt ljóst að svartur píanisti myndi eiga erfitt uppdráttar vegna þeirrar aðskilnaðarstefnu sem var við lýði í Bandaríkjunum og að lítið yrði um tónleikatilboð honum til handa. Hann hóf því tónsmíðanám í staðinn og hlaut þar meðal annars stuðning hinnar frönsku Nadiu Boulanger, sem var einn dádasti tónsmíðakennari 20. aldar. George Walker varð eitt fremsta tónskáld Bandaríkjanna og hlotnaðist margvíslegur heiður fyrir verk sín. Meðal annars varð hann fyrsta svarta tónskáldið til að hljóta hin virtu Pulitzer-verðlaun í tónlist, árið 1996 fyrir verkið *Lilacs* fyrir sópran og hljómsveit.

Kunnasta tónsmíð Walkers er hið undurfagra *Lyric* fyrir strengjasveit. Verkið samdi hann árið 1946, meðan hann stundaði nám í tónsmíðum við Curtis-tónlistarháskólann, og var það upphaflega annar þáttur í strengjakvartetti hans. Verkið er innileg og tilfinningaþrungin hugleiðing, tileinkuð ömmu tónskáldsins sem þá var nýlátin og sem upplifði sjálf þrældóm í æsku.



# Richard Strauss

## HORNKONSERT NR. 2 Í ES-DÚR

Richard Strauss (1864–1949) hafði alla tíð dálæti á horninu og hljómi þess. Faðir hans, Franz Strauss, var einn fremsti hornleikari Evrópu á sinni tíð og gegndi stöðu fyrsta hornleikara við hirðhljómsveitina í München. Það orð fór af föðurnum að hann væri skapstór og erfiður í samskiptum. Richard fór ekki varhlauda af því þegar hann lék með föður sínum á pianóið: „Hann átti það til að öskra á mig ef ég flýtti tempóinu, en ég lærði ótal margt af því að leika með honum í hornkonsertum Mozarts og sónötu Beethovens.“

Richard Strauss samdi fyrri hornkonsert sinn aðeins átján ára gamall en seinni hornkonsert hans varð til sex áratugum síðar, í miðjum hörmungum heimsstyrjaldarinnar síðari, á árunum 1941–42. Hann var frumfluttur á tónlistarhátíðinni í Salzburg í ágúst 1943 og er tileinkaður „minningu föður míns“.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Hornkonsert Strauss hefur fimm sinnum hljómað á Íslandi í flutningi SÍ. Einleikarar voru Hermann Baumann (1981), Jósef Ognibene (1997), Radovan Vlatković (2008), Stefán Jón Bernharðsson (2009) og Guðmundur Andri Ólafsson (2018).

Tónlistin í seinni hornkonserti Strauss er ljóðræn og gerir miklar kröfur til einleikarans, enda er erfiðleikagráðan líklega helsta ástæða þess hversu sjaldan konsertinn heyrir opinberlega. Formið er tiltölulega hefðbundið og fyrsti þátturinn einkennist af skemmtilegum hljómrænum útúrdúrum og eins konar samtölum milli einleikarans og hljóðfæra hljómsveitarinnar, til dæmis klarínettu, einleiksfiðlu og óbós. Fyrsti þáttur rennur saman við þann næsta sem er draumkenndur hægur kafli. Lokapátturinn er glaðvært rondó þar sem einleikarinn bregður á leik og fær sannarlega næg tækifæri til að sýna listir sínar.

# Richard Strauss

## EIN HELDENLEBEN

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ein Heldenleben hljómaði fyrst á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík 1972, á tónleikum Sænsku útvarpshljómsveitarinnar í Laugardalshöll undir stjórn Sixtens Ehrling. Sinfóníuhljóm-sveit Íslands hefur flutt verkið þrisvar sinnum, árið 1993 undir stjórn Petris Sakari, árið 2004 undir stjórn Rumons Gamba og árið 2017 undir stjórn Dima Slobodeniouk.

Nítjándi öldin var um margt skeið einstaklingshyggjunnar. Listaverkið og sjálfsmynd listamannsins sem skóp það urðu órjúfanleg heild, og svo að segja í fyrsta sinn varð til nokkuð sem kalla mætti sjálfsævisögulega tónlist. Berlioz lýsti mislukkuðu ástarævintýri sínu í *Symphonie fantastique*, Smetana túlk-aði heyrnarleysi sitt í strengjakvartett nr. 1, innra tilfinningalíf Schumanns speglaðist í ótal píanóverkum hans. Tónskáldið var sögumaður og hetja í eigin verki; listsköpunin var farvegur fyrir tjáningu tilfinninga en einnig frásagnargleði sem birtist með nýjum hætti í hinum stóru sinfónísku verkum 19. aldar.

Richard Strauss samdi ekki hefðbundnar sinfóníur eins og samtímamaður hans Gustav Mahler, heldur tónaljóð sem segja einhvers konar sögu: *Don Juan* (1888), *Dauði og umbreyting* (1889), *Ævintýri Ugluspegils* (1895), *Svo mælti Zaráþústra* (1896), *Don Kíkóti* (1897) og *Hetjulíf* (*Ein Heldenleben*, 1898). Um aldamótin 1900 sneri Strauss sér að óperusmíði en samdi nokkru síðar tvö stór hljómsveitarverk til viðbótar, *Heimilissinfóníuna* (*Sinfonia domestica*) og *Alpasinfóníuna*.

Í *Hetjulífi* er söguhetjan Richard Strauss sjálfur. Um það leyti sem hann samdi verkið var hann á hátindi ferils síns, 34 ára gamall og fullur sjálfstrausts, nýráðinn aðalstjórnandi við hirð-óperuna í Berlín. Hugmyndir Friedrichs Nietzsche um ofur-mennið voru honum vel kunnar, hann hafði þegar sótt þangað innblástur við smíði *Svo mælti Zaráþústra*. Strauss á að hafa sagt, í gríni þó, að honum þætti hann sjálfur ekkert ómerkari persóna en Sesar eða Napóleon. Það voru slík viðhorf sem gerðu *Hetjulíf* mögulegt – eitthvert sjálfhverfasta tónverk sem um getur, en um leið glæsilegt með eindæmum og samið fyrir gríðarstóra hljómsveit þar sem öllu er tjaldað til.

Hetjan stígur fram á sjónarsviðið strax í fyrsta takti, hástemmd og ástríðufull. Strauss vísar hér í *Eroica*-sinfóníu Beethovens – Hetjuhljómkviðuna – bæði hvað varðar tóntegund og tón-byggingu stefnsins. Eftir glæsilegan inngangskafila beinir Strauss sjónum sínum annað. Blásarar leika sérkennilegar hendingar, ljótar, ósamtaka og stefnulausar. Þannig lýsir Strauss öfundar-mönnum sínum og gagnrýnendum – og sjaldan hefur nokkurt tónskáld komið fram hefndum á jafn áhrifaríkan hátt. Til að



fullkomna verknaðinn skrifar Strauss í nóturnar orð til leiðbeiningar flytjendunum á borð við „beitt“, „særandi“ og „önulega“. Það kemur því vart á óvart að gagnrýnendur hafi brugðist illa við þegar þeir skrifuðu sína fyrstu dóma um hið nýja verk Strauss. „Ljótt, hávaðakennt og stefnulaust; þetta er afbrigðilegasta tónlist sem ég hef heyrt á ævi minni,“ sagði gagnrýnandi tímaritsins *Musical Courier* og bætti við að svo „viðbjóðslegur hávaði“ verðskuldaði ekki að kallast tónlist.

Því næst stígur einleiksfiðla fram í sviðsljósið og tákna hún Pauline, eiginkonu tónskáldsins/hetjunnar. „Hún er flókin manngerð“, sagði Strauss um konu sína, „*très femme*, dálítið þverúðug, daðurgjörn, aldrei söm við sig, heldur skiptir um ham frá einni mínútu til hinnar næstu.“ Þegar einleiksfiðlan dregur sig í hlé tjáir hetjan henni ást sína, og hér hljómar einhver stórfenglegasta tónlist sem Strauss samdi um ævina. En óvinirnir leynast víða og hetjan býr sig undir bardaga. Trompetar blása til orrustu sem lýkur vitaskuld með afgerandi sigri hetjunnar. Hetjustefið snýr aftur, glæsilegra en nokkru sinni fyrr.

Næst tekur við óvenjulegasti kafli verksins, *Friðarverk hetjunnar*. „Ég hef auðvitað aldrei tekið þátt í raunverulegum bardögum“, skrifaði Strauss útgefanda sínum hálfri öld síðar, „þannig að mér fannst framlag mitt til friðar helst geta verið mín eigin tónverk.“ Hér fléttar hann saman stef úr öllum helstu verkum sínum fram til þessa; áheyrendur sem þekkja til tónaljóða hans ættu að kannast við brot úr *Don Juan*, *Ugluspegli* og *Svo mælti Zaráþústra*, svo aðeins fáein séu nefnd.

Enn á ný skjóta óvinir upp kollinum og hetjan bregst ókvæða við (*wütend*, skrifar Strauss í fiðluröddina: „æfur af reiði“). Smám saman róast hann og dregur sig í hlé frá skarkala heimsins. Upphaflega átti verkinu að ljúka ofurveikt. Þegar Strauss sýndi nóturnar gömlum skólabróður sínum brást sá ókvæða við: „Richard, ekki enn einn *pianissimo* endir! Það halda allir að þú kunnir ekki að láta verk enda *forte*!“ Strauss tók sig til og samdi nýtt niðurlag fyrir blásara, sem vex upp í *fortissimo* en deyr síðan smám saman út.

Árni Heimir Ingólfsson

## Á DÖFINNI

07|04

FIMMTUDAGUR

KL. 19:30



## Páskatónleikar Sinfóníunnar

Gubaidulina samdi konsertinn Sieben Worte eða Sjö orð, fyrir bajan, selló og strengjasveit, árið 1982, en við frumflutninginn í Moskvu lét hún ekkert uppi um trúarlega skírskotun verksins enda höfðu yfirvöld í Sovétríkjunum óbeit á kristinni trú. Sjö orð er meðal allra áhrifamestu verka Gubaidulinu og hljómar hér í flutningi harmóníkuleikarans Geirs Draugsvoll, sem hefur starfað náið með tónskáldinu um árabíl, og Sigurgeirs Agnarssonar, fyrsta sellóleikara Sinfóníunnar.

Anton Bruckner var eitt trúræknasta tónskáld 19. aldarinnar og sinfóníum hans hefur oft verið líkt við dómkirkjur í tónum. Þriðja sinfónían var tímamótaverk á ferli Bruckners og í verkinu fann hann sína eigin mikilfenglegu rödd eftir áralanga leit. Eva Ollikainen, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar, hefur sérstakt dálæti á verkum Bruckners og túlkar þau af innsæi og röggsemi. Hljómsveitarstjóri er Nathanaël Iselin.

28|04

FIMMTUDAGUR

KL. 19:30



## Schumann og Schubert

„Hrein fullkomnun“ segir rýnir tímaritsins Gramophone um túlkun austurríska sellóleikarans Kian Soltani og The Times kallar hann „stórmerkilegan sellista“. Soltani vakti fyrst heimsathygli þegar hann vann fyrstu verðlaun í Paulo- sellókeppninni í Helsinki árið 2013. Síðan hefur ferill hans verið samfelld sigurganga, með tónleikum í Carnegie Hall og útgáfusamningi við Deutsche Grammophon. Á Íslandi leikur hann ljóðrænan og tilfinningaþrunginn sellókonsert Schumanns, sem tónskáldið samdi undir lok ævinnar. Á tónleikunum hljómar einnig níunda sinfónía Schuberts og heillandi hljómsveitarverk eftir rússneska tónskáldið Galinu Ustvolkskayu, sem var nemandi Shostakovitsj og um skeið ástkona hans.

**31****0220  
22**

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

**1. fiðla**

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pétur Björnsson  
Lin Wei  
Bryndís Pálsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Laura Liu  
Andrzej Kleina  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Hrefna Berg Pétursdóttir

**2. fiðla**

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Justyna Bidler  
Kristján Matthíasson  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Sígurlaug Eðvaldsdóttir  
Guðbjartur Hákonarson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Sigrún Harðardóttir  
Þórdís Stross

**Víola**

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sarah Buckley  
Guðrún Hrunn Harðardóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Ásta Kristín Pjetursdóttir  
Fidel Atli Quintero Gasparsson  
Łucja Koczot  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Anna Elísabet Sigurðardóttir

**Selló**

Steiney Sigurðardóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Guðný Jónasdóttir  
Þórdís Gerður Jónsdóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Margrét Árnadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Helga Björg Ágústsdóttir  
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir

**Bassi**

Xun Yang  
Nicholas Schwartz  
Jacek Karwan  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson

**Flauta**

Áshildur Haraldsdóttir  
Sólveig Magnúsdóttir  
Björg Brjánsdóttir  
Martial Nardeau

**Óbó**

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Sandra Simón Monje  
Matthías Nardeau

**Klarínnett**

Argunnur Árnadóttir  
Finn Schofield  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

**Fagott**

Ignas Mazvila  
Bryndís Þórsdóttir  
Eugénie Ricard  
Brjánn Ingason

**Horn**

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Ibsen Bruun  
Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Frank Hammarin  
Abel Pérez Armas  
Jack Pilcher May  
Nicolai Frey

**Trompet**

Marc Zwingelberg  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Einar Jónsson  
Vilhjálmur Ingi Sigurðarson

**Básúna**

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson

**Bassabásúna**

David Bobroff

**Túba**

Nimrod Ron  
Mark Hampson

**Harpa**

Katie Buckley  
Elísabet Waage

**Pákur**

Soraya Nayyar

**Slagverk**

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson  
Kjartan Guðnason

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*  
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*  
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*  
Daníel Bjarnason *listamaður í samstarfi*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*  
Víkinger Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

**Framkvæmda- og skrifstofuteymi**

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi*

Valdís Þorkeldsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*  
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Inga María Leifsdóttir *markaðs- og kynningarfulltrúi*  
Svanhvít Hrólfsdóttir *fjármálastjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*  
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*  
Hrafnhildur Árnadóttir *Hafstað umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfsdóttir *sviðsmaður*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**05|05**

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

TÓNLEIKAKYNNING  
KL. 18:00

# VÍKINGUR OG JOHN ADAMS

Eitt frægasta tónskáld Bandaríkjanna  
stjórnar tónlist sinni á Íslandi í fyrsta sinn.

Efnisskrá

**John Adams**

*Short Ride in a Fast Machine*  
*Must the Devil Have All the Good*  
*Tunes?, píanókonsernt*  
*Harmonielehre*

**John Adams**

Hljómsveitarstjóri

**Víkingur Heiðar Ólafsson**

Einleikari

Miðasala  
**sinfonia.is**

Sími  
**528 5050**

